

**Ed.**

**1352. Nefndarálit**

[491. mál]

um frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd efri deildar hefur ekki gefist mikill tími til þess að gaumgæfa þetta mál eða eiga viðræður að gagni við þá mörgu hagsmunaaðila er þetta mál snertir. Veldur þar mestu um sú vinnutilhögun landbúnaðarnefndar neðri deildar að hafa í engu samráð um meðferð frv. við nefnd efri deildar.

Frv. hefði, svo viðamikið sem það er, þurft mjög nákvæma athugun, ítarlega kynningu og umræðu í þjóðfélaginu, ekki síst meðal bænda, þar sem það fjallar um flest veigamestu atriðin í lífskilyrðum þeirra og framtíðarstöðu.

Mörg atriði frv. eru óljós og erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þeirra í framkvæmd. Til þess hefði þurft nánari athugun, frekari upplýsingar og betri kynningu málsins.

Með þessu frv. tekst alls ekki að nálgast þá nauðsynlegu sátt sem þarf að takast sem allra best milli framleiðenda og neytenda sem eiga hér sameiginlegra hagsmuna að gæta. Sú sátt er þjóðarnauðsyn, en hún kostar mikla vinnu sem því miður hefur ekki verið lögð í þetta frv.

Enn skortir allar tryggingar fyrir því að öruggt sé um greiðslu afurðaverðs til bænda eins og frv. gefur svo fögur fyrirheit um, sbr. VI. kafla frv.

Ekkert liggur fyrir um líkleg áhrif þessa frv. á byggð og búsetu í landinu. Engir þjóðhagslegir útreikningar á áhrifum frv. liggja fyrir.

Óskýrð eru að mestu ákvæði frv. um verðlagningarkerfi búvara (þrefalt kerfi), verðábyrgð, framleiðslustjórn eða samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu. Alls staðar virðist vera látið skeika að sköpuðu.

Undirritaður er algerlega andvígur hraðafgreiðslu þessa frv. nú og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd allra stjórnarálflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. þess eðlis verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Alþingi, 19. júní 1985.

Helgi Seljan.